

**Ad.**

**143. Frumvarp**

til laga um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

Flutningsmaður: Björn Lindal.

1. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sjer sorphreinsun og salernahreinsun i öllum bænum, eða nokkrum hluta hans.

Til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, og íbúa húsanna, eftir reglugerð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sje gjaldið miðað við það, hve oft er hreinsað.

Húseigandi greiðir gjaldið.

2. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir bæjarstjórn Akureyrar samþykkt á fundi sínum 27. jan. þ. á., og er það flutt samkvæmt ósk hennar. Verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.